

MINNISBLAÐ.

Til: Bæjarstjórnar Hafnarfjarðar

Frá: Stjórn hestamannafélagsins Sörla og reiðveganefnd Sörla

EFNI: Reiðvegir á félagssvæði Sörla í Hafnarfirði – ósk um framkvæmdafé.

Stjórn hestamannafélagsins Sörla hefur fjallað um ástand reiðvega á félagssvæðinu undanfarið. Eftirfarandi fer kynning á stöðu mála í dag og ósk um að veitt verði fé til framkvæmda við reiðvegi nú í haust, sérstaklega til frágangs á veginum yfir Bleiksteinsháls.

Reiðvegur um Bleiksteinsháls:

Árið 2014-15 var byrjað að gera reiðveginn yfir Bleiksteinsháls að syðri enda Hvaleyrarvatns. 2015 fékkst 1 miljón frá Vegagerðinni til verksins og mótframlag frá Hafnarfjarðarbæ að svipaðri upphæð. Voru þessir peningar notaðir til að ryðja brautina og til að setja burðarlag í báða enda reiðvegarins. Árið 2016 fékkst 1,5 miljón frá Vegagerðinni til verksins en það kom ekkert frá Hafnarfjarðarbæ. Þessir peningar fóru til þess að bæta í burðarefni reiðvegarinn en það var svo slæm tíð, rigningar og ekkert frost þannig að efnið nýttist illa. Burðarlagið þurfti að vera þykkara heldur en ella, bara til að bera bílana sem flutti efnið í veginn. Því varð kaflinn styttri sem lagður var en efni stóðu til. Núna árið 2017 er staðan á reiðveginum yfir Bleiksteinsháls sú að hálfnað er að leggja burðarefnið, en allt yfirborðsefni vantar á veginn. Kaflinn sem eftir er að leggja er frekar erfiður og það er ekki auðvelt að koma efni á hann. Því verður það sennilega kostnaðarsamari kaflinn en sá sem þegar er kominn. Reiðvegurinn er ónothæfur í dag. Ennfremur er rétt að nefna að ganga þarf betur frá aðkomu á veginn við Kaldárselsveg til að minnka slyshættu.

Almennt:

Hafnarfjarðarbær lagði til rúmar 500.000 krónur fyrir veturinn 2016/17 og nú í sumar til viðhalds á reiðvegunum á félagssvæði Sörla. Hugmyndin var að nota þann pening til að setja nýja reiðvegamöl í gömlu reiðvegina okkar og nota mölina sem kemur úr reiðgerðunum í Bleiksteinshálsveginn. Þegar að laga átti reiðvegina okkar þá var ekki til reiðvegamöl þannig að mölin sem var til úr gerðunum var notuð í reiðvegina. Hún er mun lakari kostur en samt til bóta þar sem að tíðarfarið síðasta vetur var mjög slæmt fyrir reiðvegina. Mjög blautt og lítið frost þannig að efnið í reiðvegunum rann mikið úr þeim, og ástand reiðvega var afar slæmt í vor.

Vandinn sem stjórn Sörla stendur frammi fyrir er þessi:

1. Góðæri, verktakar uppteknir og taxtinn hjá þeim er uppúr öllu valdi, kostnaður við allar framkvæmdir hefur hækkað verulega.
2. Ástand gömlu reiðvegana er mjög bágborið þeir þarfnast mikils viðhalds og endurnýjunar á yfirborðsefni.
3. Mun meiri umferð um gömlu reiðvegina með vaxandi atvinnustarfsemi hestaleiga á svæðinu s.l. ár sem slítur reiðvegunum meira. Aukist hefur að hestar séu á húsi svo til allt árið og atvinnumenn nota reiðvegina á sumrin líka. Umferð og álag því allt árið að einhverju marki.
4. Bleiksteinshálsvegurinn. Í hann hafa verið settar ca 4 miljónir. Hann er hins vegar ónothæfur. Á meðan að hann er ókláraður þá er hestafólk að nota vegin meðfram Hvaleyrarvatninu sem er þröngur, blindur vegna gróðurs og mikil umferð vegna umferðar frá íbúum á Völlunum, sem nota veginn sem tengiveg. Þetta leiðir til þess að fjárfestingin í reiðveginum yfir Blásteinsháls nýttist ekki og slyshætta er mikil á Hvaleyrarvatnsveginum.